

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

75. fundur haldinn á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12, 4. febrúar 2016

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson og Þórhallur Þorsteinsson. Steingrímur Karlsson og Guðmundur Björnsson boðuðu forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. Dagskrá og samþykki fundargerða
2. Deiliskipulagstillaga Snæfellsskáli
3. Framkvæmdir við Volgu
4. Öryggismál á austursvæði.
5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
6. Önnur mál:

Ruth setti fundinn kl. 17 og byrjaði á því að tilkynna að Guðmundur hefði beðist undan því að sitja í svæðisráði vegna anna og því er von á nýjum fulltrúa SAMÚT. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá og samþykki fundargerða

Formaður óskaði eftir athugasemdum við dagskrána. Enginn hafði athugasemdir við hana.

Undirritun á síðustu fundargerðar var frestað vegna forfalla Steingríms en hún hefur verið samþykkt í tölvupósti.

2. Deiliskipulagstillaga Snæfellsskáli

Ein athugasemd frá Ruth um að tímasetning á auglýsingu tillögunnar stemmdi ekki í 5. kafla í greinagerðinni. Ragna Fanney tekur að sér að kanna það og láta lagfæra.

Deiliskipulagstillaga samþykkt að öðru leiti af hálfu fundarmanna og samþykkt að senda tillöguna til umfjöllunar í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

3. Framkvæmdir við Volgu

Búið að sækja um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Umræða um framkvæmdina sjálfa, hvenær væri hentugt að framkvæma og hvernig. Erfitt að láta gera tilboð í verkið því það er ekki alveg víst hvernig verkið þróast og hversu langan tíma það tekur.

Þórhallur telur að það þurfi að stækka rörin upp á minni flóð. Þjóðgarðsvörður skoðar málið og gerir verkáætlun.

Umræða um styrkfyrirkomulagið og hvernig það raskar forgangsroðunum.

4. Öryggismál á austursvæði.

Öryggisáætlun Vantajökulþjóðgarðs kynnt og farið yfir þau atriði sem starfsmenn hafa unnið, sértök áhættumöt, forvarnar- og viðbragðsáætlanir og vinnuumhverfisvísar.

Þórhallur kom því á framfæri að göngur Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur veittu svæðinu öryggi. Hann viðraði einnig áhyggjur sínar af því hvað þjóðgarðurinn hyggist gera ef ferðafélögin hætta með göngur upp á hverasvæðið.

Atriði sem þarf að koma til almanna varna er viðbragðsáætlun um hvernig eigi að rýma svæðið eða halda fólki kyrru fyrir ef það kemur flóð eða öskugos, einnig þarf að taka tilliti til staðbundinna vinda í Kverkfjöllum.

Umræða var tekin um brú yfir Blöndu og hvar besta staðsetningin fyrir hana væri. Þórhallur bauðst til að senda myndir á Agnesi og Rögnu af bestu staðsetningunni að hans mati.

5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

Fyrsta vika Agnesar eftir fæðingarorlof hefur að mestu farið í að komast inn í þau mál sem eru í gangi, fara yfir rekstrar- og framkvæmdaáætlun. Við fyrstu sýn virðist brýn þörf á aukningu starfsvikna í Snæfellsstofu.

6. Önnur mál:

a) Ruth sagði frá fundi sem haldinn var með fulltrúum frá sveitarfélögum og Austurbrú fyrr um daginn vegna samstarfs um upplýsingamiðstöð í Möðrudal.

b) Ruth sagði frá vinnu sem væri í gangi vegna nýrra laga um Opinber fjármál þar sem gerð eru rekstrar- og framkvæmdaplön til 3ja ára og til 5 ára. Vinnuskjöl verða send á svæðisráð fyrir helgi og frestur til mánudags að taka saman athugasemdir. Metið verður á mánudag hvort taka þarf símafund vegna þessa.

c) Fundur stjórnar og starfsmanna var haldinn á Höfn í lok janúar. Rætt um að slíkir fundir eru mjög gagnlegir fyrir alla sem koma að þjóðgarðinum.

d) Ruth og Björn fóru á fund með FFF&FFH sem ferðafélagið óskaði eftir. Þar kom fram skýr ósk frá FFF um þátttöku við kostnað á rekstri salerna, að gerður verði samningur um upplýsingagjöf og að lóðaleigusamningur sé virtur.

e) Ruth kynnti hver staðan væri með Stjórnunar- og verndaráætlun hjá stjórn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 19:15

Ruth Magnúsdóttir

Björn Ármann Ólafsson

Jóhann F. Þórhallsson

Þórhallur Þorsteinsson